

Starfsreglur um biskup Íslands.

1. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi. Biskupsdæmið skiptist í vígslubiskupsumdæmi, prófastsdæmi, sóknir og prestaköll samkvæmt starfsreglum kirkjuþings.

2. gr.

Biskup skal tryggja þjónustu orðs og sakramenta og gæta postullegrar trúar samkvæmt orði Guðs og játningu og kirkjuskipan evangelísk lúterskrar kirkju. Biskup skal efla og varðveita einingu kirkjunnar.

3. gr.

Biskup hefur tilsjón með þjónustu og starfi safnaðanna, vígðra þjóna og starfsmanna kirkjunnar hvað varðar helgihald, fræðslu, kærleiksþjónustu og boðun trúarinnar. Enn fremur skal biskup veita forystu og almenna tilsjón með söfnuðum, sjálfbóðaliðum, prestum, djáknum, stofnunum og starfsfólki kirkjunnar.

4. gr.

Biskup er æðsti yfirmaður hinnar vígðu þjónustu og gætir þess að samþætta starfsemi hennar og kirkjulegra stjórnvalda. Biskup skal

1. Sjá til þess að djáknar, prestar, prófastar og sóknir sinni skyldum sínum að veita kirkjulega þjónustu í umdæmum sínum.

2. Sjá til þess að prestar hafi sakramentin um hönd, boði fagnaðarerindið með orðum og verkum eins og því er vitni borið í játningum kirkjunnar, lögum og starfsreglum og að vígðir þjónar kirkjunnar lifi og starfi í samræmi við áminningu og fyrirheiti vígslunnar.

3. Skera úr í deilumálum varðandi prestsþjónustu, notkun kirkna og safnaðarheimila og veita undanþágur frá gildandi helgisiðum.

4. Sjá til þess að guðsþjónusta, fræðsla og kærleiksþjónusta kirkjunnar standi sóknarbörnum til boða.

5. Tryggja handleiðslu, símenntun og endurmenntun presta samkvæmt starfsreglum þar að lútandi.

6. Útnefna prófasta og setja inn í embætti.

5. gr.

Biskup situr kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt. Biskup situr fundi stjórnar Þjóðkirkjunnar og sinnir öðrum verkefnum biskups samkvæmt lögum, starfsreglum, samþykktum, hefð og venju þjóðkirkjunnar.

6. gr.

Dómkirkjan í Reykjavík er kirkja biskups. Biskup hefur afnot af kirkjum biskupsdæmisins til helgihalds og boðunar þegar hann þarf á að halda. Biskup vísiterar kirkjur, presta og söfnuði biskupsdæmisins. Á vísitasíu skal biskup kynna sér þjónustu kirkjunnar og starfsemi, stöðu hennar í samfélaginu, ásigkomulag kirkna og eigna kirkjunnar, eiga starfsmannasamtöl við vígða þjóna og kynna sér samskipti þeirra og safnaðar. Biskup skal njóta þjónustu prófests á vísitasíum. Biskup skal láta halda fullnægjandi skrá um ásigkomulag kirkna, innanstokksmuni og gripi, eignir hennar og hlunnindi.

7. gr.

Biskup vígir presta og djákna samkvæmt fyrirmælum Handbókar kirkjunnar og Samþykktum um innri málefni kirkjunnar. Biskup gefur út vígslubréf sem staðfesting þess að viðkomandi hefur þegið vígslu og lúti tilsjón biskups og tilmæli til safnaðar að veita vígðum þjóni sínum viðtöku sem réttilega kölluðum þjóni Biskup setur prestum og djáknum erindisbréf.

8. gr.

Biskup vígir kirkjur og kapellur. Biskup getur veitt leyfi til notkunar óvígðra húsakynna til helgihalds kirkjunnar samkvæmt samþykktum um innri málefni kirkjunnar.

9. gr.

Biskup Íslands er vígður af forvera sínum eða þeim vígslubiskupi sem eldri er að vígslu. Áminningar og heit vígslunnar eru skuldbindandi fyrir líf og þjónustu biskups.

10. gr.

Biskup vinnur í samstarfi við framkvæmdastjóra þjóðkirkjunnar fjárhagsáætlun fyrir vígða þjónustu á hvert.

11. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu. Þær koma í stað Erindisbréfs handa biskupum 1746 sem féll úr gildi við gildistöku laganna.

Samþykkt á kirkjuþingi 29. október 2024 og birt á opnum vef kirkjunnar 1. nóvember 2024.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings.